

REGLUGERÐ

177

29. des.

um verðjöfnun á olíu og benzíni.

1. gr.

Söluverð á gasolíu, brennsluolíu og ljósaolíu, afhentri til viðskiptamanna af tank á útsölastað, skal vera hið sama, hvar sem er á landinu. Þó skal leyfilegur verðmunur vegna breytilegra afgreiðsluhátta. Söluverð á benzíni, öðru en flugvélabenzíni, skal vera hið sama frá öllum útsölustöðum, þ. e. birgðastöðvum og benzíndælum.

Ráðherra getur ákveðið, hvaða staðir skuli teljast útsölastaðir fyrir gasolíu og brennsluolíu (fuelolíu).

2. gr.

Mynda skal verðjöfnunarsjóð og skal viðskiptamálaráðherra skipa honum 5 manna stjórn. Stjórnin skal annast framkvæmd verðjöfnunarinnar undir yfirstjórn ráðherra, sem sker úr um ágreiningsatriði, er upp kunna að koma.

3. gr.

Verðjöfnunargjald skal lagt á allt selt magn af olíum þeim og benzíni, sem um ræðir í 1. gr. Innflytjendur skulu greiða verðjöfnunargjaldið ársfjórðungslega til sjóðsins.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal gera tillögur til viðskiptamálaráðuneytisins um upphæð verðjöfnunargjaldsins á hverjum tíma fyrir hverja tegund og skal miða við að gjaldið nægi til að greiða eftirtalinn kostnað við flutning frá innflutningstank í tank á útsölastað.

a. Flutningar með tankskipum og í tunnum:

1. Útskipun.
2. Flutningsgjald samkvæmt leyfðum taxa skipafélaga.
3. Sjótrygging.
4. Leki.
5. Uppskipun.
6. Vörugjald, eins og það er á hverjum stað, þó ekki hærra en kr. 12.00 á tonn.

b. Fyrir flutninga með bifreiðum skal verðjöfnunarsjóður greiða flutningskostnað frá innflutnings- eða birgðastöðum til útsölastaða. Ráðherra ákveður flutningstaxta, sem miða skal við að nægi til að greiða rekstrarkostnað bifreiða í þessum flutningum.

Að fengnum tillögum sjóðsstjórnar ákveður viðskiptamálaráðuneytið verðjöfnunargjaldið fyrir 3 mánuði í senn.

5. gr.

Verðjöfnunarsjóð skal varið til að endurgreiða þeim aðilum, sem annast dreifingu á olíum og benzíni, flutningsgjöld samkvæmt 4. gr.

Þeir aðilar, sem gera kröfu á hendur sjóðnum, skulu haga bókhaldi sínu þannig, að stjórn sjóðsins telji fullnægjandi með tilliti til verðjöfnunarinnar.

6. gr.

Ekki má leggja verðjöfnunargjald á eina tegund til að greiða flutningsgjald á annarri tegund. Nú hrekkur verðjöfnunargjald af einni tegund ekki til greiðslu á kröfum vegna þeirrar tegundar og skulu þá innstæður hjá verðjöfnunarsjóði notaðar til greiðslu þessara krafna til bráðabirgða, enda verði slíkar bráðabirgðagreiðslur

177 endurgreiddar af hækkuðu verðjöfnunargjaldi af umræddri tegund á næsta verðjöfnun-
29. des. unartímabili.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal ávaxta fé það, sem á hverjum tíma er í sjóðnum á sérstökum bankareikningi og er hún ábyrg fyrir sjóðnum gagnvart viðskiptamálaráðuneytinu. Enn fremur skal hún skila ráðuneytinu árlega endurskoðuðu uppgjöri yfir sjóðinn.

8. gr.

Kostnaður við stjórn sjóðsins, skrifstofuhald og endurskoðun, greiðist af fé sjóðsins og skal þá tekið tillit til þess við ákvörðun verðjöfnunargjaldsins.

9. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 34 18. febr. 1953, um verðjöfnun á olíu og benzini, sbr. lög nr. 23 15. marz 1954, öðlast gildi 1. janúar 1957. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 132 15. júlí 1953, um verðjöfnun á olíu og benzini.

Viðskiptamálaráðuneytið, 29. desember 1956.

Lúðvík Jósepsson.

Yngvi Ólafsson.

178

31. des.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 19 29. febr. 1956, um breyting á reglugerð nr. 11
18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkv. lögum nr. 50 1946,
um almannatryggingar.

3. töluliður orðist svo:

Árið 1957 skal í janúar greiða upp í iðgjöld samkv. 27. gr. laga nr. 24 1956, um almannatryggingar, sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 400.00
Ógiftar konur	— 300.00

Á 2. verðlagssvæði:

Karlar	kr. 300.00
Ógiftar konur	— 225.00

5. töluliður, síðari málsg., orðist svo:

Frá 1. janúar 1957, þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu iðgjöld samkv. 29. gr. laga nr. 24 1956, um almannatryggingar, vegna lögskráðra sjómanna, vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði	kr. 9.68 á viku.
Á 2. —	— 7.53 — —

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkv. lögum nr. 24 1956, um almannatryggingar, og öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 31. desember 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.